

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 19. júlí 1991

um tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda (Animo)

(91/398/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/68/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. 20. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Með tilliti til þess að fyrirhugað er að koma á hinum innri markaði fyrir lifandi dýr og tilteknar afurðir og leggja niður dýraheilbrigðiseftirlit á innri landamærum er nauðsynlegt, í samræmi við 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE, að koma upp tölvuvæddu netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda, sem nefnt hefur verið „Animo“.

Fyrst og fremst ber að setja meginreglur um almenna uppbyggingu tölvuvædda netkerfisins. Síðar verða samþykkt nauðsynleg framkvæmdarákvæði með hliðsjón af þessum meginreglum í samræmi við 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE.

Með hliðsjón af 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/425/EBE, 5. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(3)</sup> og þeim kvöðum sem lagðar eru á skoðunarstöðvar á landamærum sem annast skoðun lifandi dýra frá þriðju löndum skal hið tölvuvædda netkerfi tengja stjórnvöld aðildarríkjanna, þar til nefnd staðaryfirvöld og skoðunarstöðvar á landamærum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í þessari ákvörðun merkir „eining“:

- lögbært stjórnvald aðildarríkis,
- staðaryfirvald aðildarríkis sem er tilnefnt sem liður í stofnsetningu tölvuvædda netkerfisins,
- skoðunarstöð á landamærum, samkvæmt skilgreiningu í g-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 90/675/EBE,
- skoðunarstöð á landamærum sem hefur heimild til að framkvæma dýraheilbrigðisskoðun á dýrum sem eru flutt inn til bandalagsins frá þriðju löndum.

*2. gr.*

1. Hver eining skal vera í tölvusambandi við netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda.
2. Hver eining skal hafa aðgang að:
  - örtölvu með MS-DOS eða UNIX-stýrikerfi,
  - mótaldi sem gerir kleift að móta og afmóta upplýsingar sem eru fluttar um símalínur eða aðrar háþróaðar hraðlínur,
  - prentara,
  - sams konar samskiptahugbúnaði og sams konar viðfangshugbúnaði þannig að unnt sé að tengja hverja einingu við tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda.

*3. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júlí 1991.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ray MAC SHARRY

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 46, 19. 2. 1991, bls. 19.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.